

Undirritaðir aðilar, **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** og **fjármála- og efnahagsráðherra** f.h. íslenska ríkisins og **Bændasamtök Íslands**, hafa með vísan til 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og 14. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar dags. 19. febrúar 2016 orðið sammála um svohljóðandi:

SAMKOMULAG

um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016

1. gr.

Markmið samkomulags

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í nautgriparækt með áherslu á rannsóknir og menntun ásamt sjálfbærari og umhverfisvænni framleiðslu. Markmið gildandi samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar standa auk þess óbreytt. Samkomulag þetta er liður í endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016, skv. 14. gr. samningsins.

2. gr.

Greiðslumark

Fallið verður frá niðurfellingu heildargreiðslumarks sem átti að taka gildi þann 1. janúar 2021 sbr. gr. 3. kafla í samningi um starfsskilyrði í nautgriparækt. Greiðslumark mun því gilda áfram út gildistíma samningsins. Gerðar verða breytingar á texta 3. kafla samningsins í samræmi við það. Greiðslumark heldur sér þar af leiðandi sem kvóti sem tryggir forgang að innanlandsmarkaði og sem viðmiðun fyrir beingreiðslur.

Viðskipti með greiðslumark verða leyfð að nýju frá og með árinu 2020. Viðskiptin munu byggja á markaðsfyrirkomulagi sem gildi á árunum 2011-2016, það er tilboðsmarkaði samkvæmt ákvæðum þágildandi reglugerðar nr. 190/2011. Nánara fyrirkomulag skal útfært í reglugerð. Takmarkanir verða þó á viðskiptum með eftirfarandi hætti

- Markaðsverð greiðslumarks verður grundvallað á jafnvægisverði, þ.e. því verði sem myndast þegar framboðið magn er jafnt og eftirspurn eða lægsta verði sem jafnvægis magn getur verið selt og keypt á. Jafnvægis magn er framboðið magn greiðslumarks, sem getur gengið kaupum og sölum á markaðnum hverju sinni á jafnvægisverði. Aðilar þessa samkomulags eru sammála um mikilvægi þess að verð á greiðslumarki hvers tíma stuðli að aukinni verðmætasköpun á bújörðum og hagkvæmni í rekstri. Ef verðþróun á markaði verður óeðlileg að teknu tilliti til framboðs, eftirspurnar og aðstæðna að öðru leyti er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, að setja hámarksverð á greiðslumarki.
- Nýliðar skulu eiga forkaupsrétt á 5% af því greiðslumarki sem boðið er til sölu á hverjum markaði, svo lengi sem þeir uppfylla skilyrði kvótamarkaðar um gilt kauptilboð.
- Að hámarki er hægt að óska eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum markaði, eða alls 150.000 lítrum árlega. Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu til ráðherra um breytt hámark ef aðstæður krefja.
- Hlutdeild framleiðanda eða framleiðenda sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga, lögaðila eða tengdra aðila má ekki nema herra hlutfalli en 1,2% af árlegu heildargreiðslumarki mjólkur.
- Öll aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur skulu fara fram á markaði skv. ákvæðum þessa samkomulags. Þó verður áfram heimilt að staðfesta aðilaskipti á milli aðila innan sama lögbýlis og tilfærslu greiðslumarks milli lögbýla í eigu sama aðila, enda hafi öll lögbýlin verið í hans eigu fyrir 25. október 2019. Auk þess verður heimilt, frá og með gildistöku samkomulags þessa, að staðfesta tilfærslu greiðslumarks milli lögbýla ef framleiðandi flytur búferlum með allan sinn rekstur, það er

leggur niður rekstur á einu lögbýli í því skyni að hefja hann að nýju á öðru lögbýli, enda sé viðkomandi sannanlega ábúandi á nýju jörðinni, með skráð lögheimili þar og stundi þar búrekstur.

Endurskoðuð skipting framlaga til verkefna í samningnum koma fram í töflu I sem fylgir samkomulagi þessu og skoðast sem hluti þess og kemur í stað töflu 1 í viðauka I í gildandi samningi.

3. gr.

Loftslagsmál

Aðilar þessa samkomulags eru sammála um það markmið að íslensk nautgriparækt verði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en árið 2040. Þetta verði gert m.a. með því að byggja upp þekkingu á losun og bindingu kolefnis, bættri fóðrun, meðhöndlun og nýtingu búfjáraburðar, markvissri jarðrækt og öðrum þeim aðgerðum er miða að því að kolefnisjafna búskap. Slíkar áherslur falla vel að öðrum verkefnum á sviði kolefnisbindingar svo sem skógrækt. Skal að því stefnt að allar afurðir frá íslenskum nautgripabændum verði vottaðar sem kolefnishlutlausar fyrir árið 2040.

Aðilar eru sammála um að ein helsta forsenda þess að þessu markmiði verði náð er meðal annars að auka enn frekar þekkingu bænda á sínu landi og um leið efla getu þeirra til að auka bindingu kolefnis á því og draga úr losun. Því þarf að auka rannsóknir, ráðgjöf og fræðslu fyrir bændur um framangreind atriði. Jafnframt þarf að taka til skoðunar að innleiða fjárhagslega hvata fyrir bændur til að ná árangri í að auka bindingu. Nauðsynlegt er að þekkja vel möguleika hverjar jarðar og bús og byggja upp gagnsætt og vottað umhverfi um verkefnið.

Til að stuðla að kolefnishlutleysi íslenskrar nautgriparæktar eru samningsaðilar sammála um að ráðstafa fjármagni af samning um starfsskilyrði nautgriparæktar til aðgerða í loftslagsmálum. Samkomulag er um að heimilt verði að nýta fjármuni sem veittir eru til framleiðslujafnvægis skv. grein 6.1. í gildandi samningi, einnig til verkefna til að draga úr kolefnisfótspori nautgriparæktar. Miðað er við að um 30% af fjármagni því sem fellur undir grein 6.1 verði ráðstafað til slíkra verkefna, en endanlegt hlutfall fari eftir umfangi þeirra verkefna sem ráðist verður í. Framkvæmdanefnd búvörusamninga verður falið að ráðstafa fjármagninu.

Skipaður verður starfshópur sem mun hafa það hlutverk að útfæra framangreind atriði og setja saman verk- og fjárhagsáætlun. Starfshópurinn skipa einn aðili frá hvorum aðila auk fulltrúa frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Hópurinn tekur þegar til starfa og skal hann skila niðurstöðu eigi síðar en 1. maí 2020. Hópurinn skal í störfum sínum hafa samráð við Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Matis og fleiri aðila.

Samningsaðilar eru sammála um að leita eftir frekari fjármögnun utan samningsins eftir því sem verkefni gefa tilefni til, enda er fyrirhugað að verja verulegum fjárhæðum af hálfu stjórnvalda til aðgerða á sviði loftslagsmála á næstu árum.

4. gr.

Verðlagsmál

Aðilar þessa samkomulags eru sammála um að endurskoða fyrirkomulag verðlagningar á grunni eftirfarandi atriða:

1. Til að efla og tryggja forsendur til samkeppni við vinnslu mjólkurafurða verði gerð greining á tækifærum til frekari aðskilnaðar milli söfnunar og sölu á hrá mjólk frá vinnslu mjólkurafurða og öðrum rekstri.
2. Fyrirkomulag verðlagningar mjólkurvara á heildsölustigi verði tekið til endurskoðunar. Sá möguleiki verði m.a. tekin til skoðunar að hætta opinberri verðlagningu mjólkurafurða.

3. Umgjörð verðlagsnefndar búvöru verði tekin til endurskoðunar með það að markmiði að taka upp nýtt fyrirkomulag í stað Verðlagsnefndar búvöru, án þess að slíkt raski forsendum búvörusamnings.

Skipaður verði starfshópur sem mun hafa það hlutverk að útfæra framangreind atriði. Starfshópurinn skipa tveir aðilar frá hvorum aðila auk fulltrúa launþegasamtaka og samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Hópurinn tekur þegar til starfa og skal hann skila tillögum sínum eigi síðar en 1. maí 2020. Hópurinn skal í störfum sínum hafa samráð við helstu aðila sem hagsmuna hafa að gæta. Í framhaldinu munu aðilar þessa samkomulags gera sérstakt samkomulag um verðlagsmál sem verður hluti af breytingum á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar.

5. gr.

Starfshópur um aðlögunarsamninga, minni bú o.fl.

Skipaður verður starfshópur sem mun hafa það hlutverk að fara yfir hugmyndir aðila varðandi aðlögunarsamninga og aukinn stuðning við minni bú. Jafnframt meti hópurinn þörf á aðgerðum annars vegar vegna svæða þar sem framleiðsla hefur dregist saman og hins vegar vegna fyrirhugaðs banns við básafjósum. Jafnframt verði skoðað hvernig hægt er að styðja betur við rannsóknarstarf og hagnýtar rannsóknir fyrir greinina ásamt fræðslu og menntun kúabænda. Þá verði skoðaðir möguleikar til samrekstrar bóva til hagræðingar. Aðilar eru sammála um að greina skattalegt umhverfi viðskipta með búrekstur og bújarðir með það að markmiði að auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti og tryggja þannig áframhaldandi búrekstur og búskap.

Starfshópurinn skipa tveir fulltrúar frá hvorum aðila. Hópurinn tekur þegar til starfa og skal hann skila niðurstöðu eigi síðar en 1. maí 2020. Í framhaldinu munu aðilar þessa samkomulags gera sérstakt samkomulag um tillögur starfshópsins sem verður hluti af breytingum á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar.

6. gr.

Gildistími

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2026. Breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016 sem leiða af 2. og 3. gr. samkomulagsins taka gildi frá og með 1. janúar 2020.

7. gr.

Ýmis ákvæði

Öll ákvæði samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar sem frá 19. febrúar 2016 sem ekki er breytt á grundvelli samkomulags þessa standa óbreytt.


Af samkomulagi þessu, auk töflu sem skoðast sem hluti samningsins, eru gerð fjögur samhljóða frumrit og skulu þau varðveitt hjá samningsaðilum, eitt hjá hverjum. Öllu framangreindu til staðfestingar rita til þess bærir aðilar nöfn sín hér að neðan.

Samkomulag þetta er undirritað f.h. íslenska ríkisins með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum lagabreytingum.


Samkomulag þetta er undirritað að hálfu Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda með fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu. Þá verður endanlegt samkomulag er varðar 4. og 5. gr. samkomulags þessa jafnframt háð fyrirvara um samþykki félagsmanna í atkvæðagreiðslu.

Reykjavík, dags. 25. október 2019.

F.h. íslenska ríkisins



Kristján Þór Júlíusson,
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra




Bjarni Benediktsson,
fjármála- og efnahagsráðherra

F.h. Bændasamtaka Íslands




Guðrún Sigríður Tryggvadóttir,
formaður Bændasamtaka Íslands



Arnar Árnason,
formaður Landssambands kúabænda

Vottur:



Unnur Brá Konráðsdóttir,
formaður samninganefndar ríkis

Tafla I sýnir fjárhæðir í m. kr. vegna nautgripasamnings árin 2017 – 2026, á verðlagi gildandi samnings. Fjárhæðir vegna áráanna 2017 – 2019 eru óbreyttar frá gildandi samningi. Fjárhæðir vegna áráanna 2020 – 2026 eru breyttar í samræmi við samkomulag þetta og taka gildi þann 1. janúar 2020.

Tafla 1 Fjárhæðir í m. kr.

Nautgripir	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Greiðslur út á greiðslumark - 3. grein.	1.942	1.934	1.927	1.919	1.919	1.909	1.892	1.875	1.858	1.841
Greiðslur út á innvegna mjólk - 4. grein	2.629	2.619	2.609	2.297	2.271	2.240	2.219	2.200	2.180	2.161
Gripagreiðslur - mjólkurkýr - 5. grein	1.175	1.171	1.166	1.408	1.407	1.400	1.387	1.375	1.362	1.350
Gripagreiðslur - holdakýr - 5. grein	141	140	140	154	154	153	151	150	149	147
Framleiðsuljafnvægi - 6. grein	99	98	98	96	96	95	95	94	93	92
Kynbótastarf - 7. grein	197	196	196	192	192	191	189	187	186	184
Fjárfestingastuðningur - 8. grein	193	192	191	192	192	191	189	187	186	184
Nautakjötsframleiðsla - 9. grein	173	98	121	141	166	185	183	181	180	178
Samtals nautgripasamningur	6.550	6.449	6.448	6.398	6.396	6.363	6.305	6.249	6.193	6.138

